

Stjórnarfundur LH 12. apríl 2010

18. fundur. Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Sigurður Ævarsson, Oddur Hafsteinsson, Gunnar Sturluson og Sigrún Þórðardóttir.

1. Fundargerðir síðasta stjórnarfundar.

Stjórnarmenn hafa til 16.04.2010 til þess að koma með athugasemdir við ósamþykktar fundargerðir sem hafa verið sendir út. Fundargerðirnar verða settar á heimasíðu LH 16.04.10.

2. Bréf frá stjórn Rangárbakka ehf.

Móttekið var bréf frá stjórn Rangárbakka þar sem stjórn þess dregur til baka umsókn sína um að halda Landsmót 2014.

3. Bréf frá Bændasamtökum Íslands.

HÞ. Lagði fram bréf frá Bændasamtökum Íslands (BÍ) sem barst stjórn LM ehf þar sem BÍ óskar eftir góðu samstarfi við LH um landsmót 2010, en vill endurskoða samstarf eftir það.

4. Landsliðsnefnd

- a. Bjarnleifur Bjarnleifsson formaður Landsliðsnefndar sagði frá þeim atburðum sem nefndin hefur staðið fyrir undafarið s.s. „Þeir allra sterkustu“ og „Svellkaldar konur“, mjög vel þykir hafa tekist með þessa atburði.
- b. Norðurlandamót 2010. Undirbúningur er komin af stað en mótið verður haldið í Finnlandi og BB fyrir hönd landsliðsnefndar lagði til við stjórn að landsliðseinvaldur yrði ráðinn Páll Bragi Hólmarsson. BB lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir ferðina og var hún rædd, beðið verður eftir endanlegri fjárhagsáætlun.
- c. Stjórn LH gerði fyrirspurn um verklagsreglur og samninga er snúa að Landsliði Íslands í hestamennsku. Lagði stjórn LH ríka áherslu á að umgjörð landsliðsins yrði sem best úr garði gerð. BB sagði að slík vinna væri ekki hafin en yrði kláruð áður en landslið Íslands yrði tilkynnt. Nánari umræðu frestað.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*